

I.

ÞAÐ ER vitanlega mikill á-vinningur að fá hina nýju útgáfu Menningarsjóðs af Njálu, með uppdráttum, myndum og mörgum mikilsverðum skýringum. En þareð Njála er hámark íslenskrar málsnildar, eða a. m. k. annað hámarkið — því að um sumt er Egla fremri, betur íslensk — þá virðist mjer það nokk ur vontun, að ekki skuli hafa verið meira að þessu vikið í formála Vilh. P. Gíslasonar skólastjóra, nje heldur í hinum fróðlegu skýringargreinum Magnúsar Finnborgasonar magisters, sem búið nefir bókina undir prentun. Og í nokkru sambandi við það, að malfarinu á þessu frábæra snildarverki hefir ekki verið nægilega gaumur gefinn, kynni það að standa, að sumstaðar virðist vera prentað eftir texta, sem lakari er en vera þyrfti. Skulu hjer nú nefnd nokkur dæmi, og hef i jeg þó að vísu ekki annað til samanburðar en útgáfuna frá 1894. En árangurinn af þessum athugasemdum mínum, kynni þó að verða sá, að skýra nokkuð skilning manna á því, hvað er afbragðlega ritað og hvað ekki. En það miðar aftur til að greiða fyrir því, að betur og skýr ar sje hugsað. Og er þá ekki til einskis að verið.



Mjer hefir stundum verið að koma í hug, hvort lýsingin á

Gunnari í 19. kafla sögunnar muni ekki vera hámark sinnar tegundar í heimsbókmentunum. En hitt virðist mjer ekkert efamál, að höfundurinn hafi að frásagnarlist verið eitthvað áþekkurbí, sem Gunnar var á íþróttu svíðinu. En í hinum tveim útgáfum er nokkur falsvert eftirtektarverður munur þar sem Gunnari er lýst. Í útg. '94 segir svo: „Hann var vænn at yfirliti ok ljósliðaðr, rjett nefit ok hafit upp í framanvert, bláeygr ok snareygr ok rjóðr í kinnum, hárit mikit gult ok fór vel“. Í nýju útg.: „Hann var vænn at yfirliti ok ljósliðaðr, rjettnefjaðr ok hafit upp í framanvert, bláeygr ok snareygr ok roði í kinnum, hárit mikit ok fór vel ok vel litt“.

Munurinn er mjög eftirtektarverður, og virðist mjer ekki þurfa að því að spryrra, hvað lýsingin muni vera nær orðalagi hins frábæra snillings.

Um Njál og Bergþóru segir svo í nýju útg.: „Pau áttu sex börn, dætr þrjár ok sonu þrjá, ok koma þeir allir við þessa sögu síðan“. En í hinni: „Pau áttu þrjá sonu ok þrjár dætr, ok koma þeir allir við þessa sögu“.

Þykir mjer ekki ólíklegt, að það muni rjettara vera, þrátt fyrir þá litilsvirðingu á kvenfólkini, sem þar kemur frá.

Eftirtektarverður er orðamunurinn, þar sem segir frá Skarp-

hjeðni á Markarfljóti, og mjög
auðsælt hvort rjettara muni
vera. Í útg. '94: „Skarphjeðinn
hefr sik á loft ok hleypr yfir
fljótit meðal höfuðisa ok stöðv-
ar sik ekki ok rennir þegar at
fram fótskriðu“, og: „Skarphjeð-
inn bar nú upp at fyrri“.

En i nýju útg. hleypur Skarph-
jeðinn yfir fljótit meðal höfuð-
isa „ok stöðvar sik ok rennir
þegar af fram fótskriðu....
Skarpneðinn bar nú at fyrri“.

Það virðist nú ekki geta verið
efamál, að Skarphjeðinn stöðv-
ar sig ekki áður hann „rennir at
fram fótskriðu“.

Þeir bræður munu hafa verið
æfðir mjög á ísleggjum — oft
gott um skautasvell á gljánum
bar í Landeyunum — og þarf
ekki að efa, að þessir frábæru
íþróttarnenn hafa æft það mjög,
að taka sig upp á ísleggjunum
þegar þeir voru á sem mestri
ferð, og standa þó þegar niður
kom, einsog Skarphjeðinn gerir
nú aftur, þegar Tjörvi rennir
fyrir nann törginni, en hann
„steðjar yfir upp ok stóðst þó
ok rennir á enda svelsins“.

Það er ekki ólíklegt, að ein-
hverjir fleiri Íslendingar hefðu
getað 'eikið eftir stökk Skarph-
jeðins á Markarfljóti, hjer voru
á þeim tínum svo margir fram-
úrskarandi knáleiksmenn og
mjög æfðir. Hitt bykir miða ef-
sámarar. Árin 1994 var Ís-
lendingar komið annari eins flygiferð í frásögn-
ina af þessu íþróttafreki og Njálu
höfundurinn. Er það skaði mikill
að vita ekki hver þessi höf-
uðsnillingur var, sem að frásagn
arsnild er sjálfum Snorra ekki
síðri, þó að þeirri snild sje nokk-
uð á annan veg háttuð.

Helgi Pjeturs.